

gönguleið

AF STAÐ á

Reykjanesið...



Árnastígur - Skipstígur



FERÐAMÁLASAMTÖK SUÐURNESJA



Árnastígur - Skipstígur



Árnastígur og Skipstígur eru fornar þjóðleiðir milli Grindavíkur og Njarðvíkur. Stígarnir eru víða markaðir í harða hraunhelluna. Aldur þeirra er óljós.

Upphaf Árnastígs er við Húsatóftir í Staðarhverfi (austan við golfvöllinn) og Skipstígs við gatnamót Nesvegjar og Bláalónsvegjar ofan Járngerðarstaðahverfis í Grindavík. Leiðirnar koma saman ofan við Rauðamel og enda við Fitjar í Njarðvík. Í opnu bæklingssins má sjá kort af leiðunum.

Árnastígur liggur með Sundvörðuhrauni, um Eldvarpahraunin, misgengi Klifgjár að Þórðarfelli og Stapafelli að gatnamótum Skipstígs. Skipstígur hefst í norðurjaðri byggðakjarna Grindavíkur og liggur með Lágafelli, um Skipstígshraun, með Illahrauni, yfir Eldvarpahraun, fram hjá hverasvæði við Lat, yfir Vörðugjá, um Gíslhellislágar, yfir Rauðamel og áfram áleiðis að Fitjum í Njarðvík.

Leiðarlýsingin í bæklingnum byggir m.a. á númeruðum stikum sem Ferðamálasamtök Suðurnesja hafa haft forgöngu um að setja upp með gömlu þjóðleiðunum. Jafnframt hafa þau gefið út hnitsett myndkort, AF STAÐ, með helstu þjóðleiðum á Reykjaneskaga.

Gönguleiðirnar eru tiltölulega greiðfærar, að mestu á sléttu hrauni. Áætlaður tími, sem tekur að ganga Árnastíg að Skipstíg, er um 4 klst. Vegalengdin er um 12 km. Skipstígur er um 18 km langur og tekur gangan um 6 klst.

Munið að ganga vel um náttúruna - í sátt við umhverfið.

Útgefandi: Ferðamálasamtök Suðurnesja – 2010
reykjanes.is
sími 893 4096

Myndir og texti:  sjf menningarmiðlun
sjfmenningarmidlun.is

Hönnun og umbrot: Auglýsingastofa Víkurfrétta

Prentun: Ísafoldarprentsmiðja

Copyright by Ferðamálasamtök Suðurnesja

Árnastígur

Húsatóftir eru í Staðarhverfi. Í örnefnaskrá fyrir Húsatóftir er gefin eftirfarandi skýring á örnefninu Árnastígur: „Rétt fyrir suðaustan Klifgjá er vegurinn ruddur og greiðfær. Heitir sá spölur Árnastígur. Árni nokkur, sem fyrrum bjó í Kviadal, litlu koti í Staðartúni, mun hafa rutt þennan stíg.“ Árið 1703 voru Húsatóftir konungsjörð í eigu Viðeyjarklausturs. Jörðin var talin afleit; öll sandi orpin. Árið 1840 var hins vegar önnur lýsing gefin af Húsatóftum: „Mörgum þykir fallett á bæ þessum því þar eru stór tún, slétt og fögur, þegar í blóma standa, eru þau og allvel ræktuð.“



Tóftir gömlu bæjanna eru þar sem efra húsið stendur uppi á brekkunni. Neðra húsið var byggt 1930 af Einari Jónssyni og sonum hans, þar er nú aðstaða Golfklúbbs Grindavíkur.

Stika nr. 14 - 18 Refagildrur

Á Reykjanesskaganum má sjá um fjörutíu hlaðnar refagildrur. Ofan við Húsatóftir eru

a.m.k. þrjár þeirra, í misjöfnu ásigkomulagi. Þær virðast vera stakar steinhrúgur en sums staðar sést á þeim nokkur lögum ef betur er að gáð. Talið er að veiðiaðferðin hafi tíðkast frá landnámi langt fram á 19. öld eða þar til skotvopn komu til sögunnar hér á landi.

Refagildrurnar voru hlaðnar á klöpp eða þar sem jarðvegur var

svo þéttur að refirnir gátu ekki grafið sig út úr þeim. Í grunninn eru gildrurnar nokkrir steinar í röð og milli þeirra um 30 cm bil og fyrir enda tveir steinar. Þannig myndast eins konar gangur, um 150 cm langur, sem



Refagildra

er opinn í annan endann. Þar hefur verið skorðað hellublað og gegnum það klappað smáгат ofarlega ef hellan var ekki krossbundin og hún þannig hengd upp. Í tittinn var síðan bundið snæri sem lá ofan á gildrunni og niður í hana aftast, hinn endinn bundinn í agnið sem væntanlega hefur verið kjötbiti. Lá agnið innst í gildrunni og þegar tófan skreið inn í gildruna og dró agnið til sín féll hellan niður og lokaði dýrið inni.

Stika nr. 50 Brauðstígur

Hér eru gatnamót Brauðstígs. Þann stíg fóru Staðhverfingar yfir í Eldvörp til að nýta sér jarðvarma til brauðgerðar. Skammt frá stígnum, í jaðri Sundvörðuhrauns, u.þ.b. 1 km áður en komið er í Eldvörp, eru nokkur hlaðin byrgi, „Tyrkjabyrgin“ svonefndu. Þau fundust fyrir tilviljun veturinn 1872. Lýsingu á þeim er að finna í Ferðabók Þorvaldar Thoroddsen en hann skoðaði þær árið 1883. Ýmsar getgátur hafa verið um tilvist byrgjanna, s.s. að Grindvíkingar hafi hlaðið þau til að geta falið sig ef „Tyrkirnir“, sem rændu fólki í Grindavík 1627, kæmu aftur.

Stika nr. 70 Flugvél

Skammt hér norðar má sjá slóða í hrauninu. Hann endar í hringlaga auðn. Þar má sjá nokkurt brak úr flugvél. Skv. upplýsingum frá Friðþóri Eydal er brakið leifar úr B-17 sprengjuflugvél sem lenti í villum á



B-17 vélin á vettvangi

leið frá Bandaríkjunum til Bretlands með fyrirhugaðri viðdvöl á Keflavíkflugvelli, þann 17. apríl 1943. Vélin nauðlenti er eldsneytið þraut eftir 14 klst. flug. Áhöfnin bjargaðist. Vélin laskaðist furðulítið eftir að hafa lent á sléttu hrauninu.

Stika nr. 80 Eldvörp

Óvíða annars staðar en á Reykjanestá má sjá eins glögg merki gliðnunar Mið-Atlantshafshryggjarins. Eldvörp eru falleg og stórbrotin u.þ.b. 10 km löng gjall- og klepragígaröð(-raðir). Gígaröðin er ein af fáum á Reykjanesskaganum sem enn hefur verið hlíft við efnistöku. Í vestri má sjá dyngjurnar Skálafell, Háleyjarbungu og Sandfellshæð.

Sprunguhraun, sem runnið hafa frá gossprungum og gígaröðum, eru úr mun seigari kviku en dyngjuhraunin og mynda því því þykk hraun með mikinn gjallkarga. Þau eru úfin og ill yfirferðar og hraunjaðar þeirra hár og brattur. Nefnast slík hraun apalhraun. Frá einstaka eldvarpi geta þó einnig runnið slétt helluhraun og jafnvel geta báðar hraungerðirnar runnið í einu og sama gosinu. Apalhraunin renna gjarnan frá gosrásinni eftir hraunám sem nefnast hrauntraðir að gosi loknu en helluhraunin eftir rásum undir storknuðu yfirborðinu. Þau síðarnefndu eru því mun auðugri af hellum. Sprunguhraunin eru flest yngri en



Eldvörp

dyngjuhraunin og nokkur þeirra hafa runnið eftir að land var numið.

Erfitt er að gera sér grein fyrir fjölda sprungugosa því einhver hafa lent undir yngri hraunum. Gosin verða í hrinum innan hverrar gosreinar. A.m.k. fjórar goshrinur hafa orðið í Eldvörpum, sú síðasta árið 1226, en stærsta gosið varð um það leyti er Kristur fæddist.

Hraunið er nefnt einu nafni Eldvarpahraun en Grindvíkingar nefna þau m.a. Sundvörðuhraun, Rauðhólakraun, Bræðrahraun, Blettakraun o.fl. nöfnum.

Stika nr. 93 Fjallasýn

Sandfellshæð er vestast. Hún er dyngja, ein af þremur fremst á Reykjaneskaganum. Þrátt fyrir að hraun hennar þeki upp undir 150 km² og séu tæpir 6 km³ er gígur hennar, Sandfellsdalur, aðeins 90 metrar yfir sjávarmáli.

Hraunið er talið hafa runnið fyrir um 12 þúsund árum. Þegar norrænir menn komu til Íslands, síðla á níundu öld, var svæði þetta allt vel gróið en eftir mikil eldsumbrot og öskufall á Reykjanesi á öðrum fjórðungi þrettándu aldar hófst uppblástur á svæðinu. Ef grafið er



Gígurinn

niður í sandbollana í hrauninu þá er komið niður í jarðveg. Norðan Sandfellshæðar er Sandfell, þá Lágafell og Þórðarfell. Norðan þess eru Súlur og Stapafell. Sunnan Þórðarfells er Gíg-

urinn. Hann er dæmi um einstakt eldvarp með tilkomumikilli gígskál. Frá henni til austurs liggur tilkomumikil hrauntröð, ein sú fallegasta á landinu.

Stapafell, Sandfell, Súlur og Þórðarfell mynduðust undir ís eða í sjó. Í Lágafelli er mikill gígur. Víða umhverfis fellið eru hleðslur eftir að herinn notaði svæðið til æfinga, tóm skothylki og víraflækjur.

Stika nr. 134 Klifgjá, misgengi

Reykjaneskaginn er allur mjög sprunginn. Á Íslandi eru misgengi og gjár með SV-NA stefnu algengastar sunnanlands en hins vegar er S-N stefna ríkjandi norðanlands. Dæmi þess má einnig sjá syðst á Reykjaneskaganum, t.d. hér í Klifgjá.

Miklar jarðskorpuhreyfingar hafa jafnan átt sér stað á skaganum. Þessar hreyfingar eiga sér enn stað og munu eiga sér stað í framtíðinni. Stöðug og hæg hreyfing í jarðskorpunni veldur spennu í bergi. Spennan getur orðið svo mikil að bergið þoli hana ekki lengur og berglögin bresti og þá verða jarðskjálftar. Sprungubarmarnir, sem koma fram við hreyfinguna kippast þá yfirleitt til í gagnstæðar áttir og standa mishátt. Sprungur sem myndast á þennan hátt nefnast misgengi. Á Klifgjá er ákjósanlegt skoðunarsvæði fyrir þá sem hafa áhuga á að skoða misgengi. Þegar fjær dregur eru misgengisþrep sem liggja hvert



Laupur í Klifgjá

upp af öðru. Brúnir mynda nokkrar stórar og dálítið óreglulegar sprungur (brotalínur). Hreyfingin er stöðug á þessu svæði og benda mælingar til þess að höggunin nemi að jafnaði um 2,8 millimetrum á ári eða 28 cm á einni öld. Frá Klifgjá má vel sjá hvernig brotabeltið á flekaskilunum hefur færst til beggja átta og sigið í miðjunni. Gjárnar; Hrafnagjá og Mönguselsgjá að norðvestanverðu, Haugsvörðugjá að vestanverðu og Stapafellsgjá að norðaustanverðu gliðna, rísa og hníga og ekki er óraunhæft að ætla að á þessu svæði gæti glóandi hraun fundið sér leið upp á yfirborðið hvenær sem er.

Stika nr. 150 Stapafell

Stapafell myndaðist undir ís eða í sjó. Þar er mikið bólstraberg með ólívínkristöllum neðst í bólstrunum. Ástæður fyrir myndun bólstrabergs eru lítt kannaðar en talið er að mismunur hitastigs hrauns og vatns og þrýstingur í vatninu hafi áhrif á myndun þess. Í bólstrunum er ólívín (meira neðst vegna sökks), plagíóklas og ágít (svart).

Svört lög í Stapafelli eru aska (bendir til blandaðs goss) sem hefur sest til í vatni (mjög reglulega lagskipt). Sprungur liggja víða í gegnum Stapafell. Búið er að fjarlægja talsvert efni úr fjallinu til mannvirkja-gerðar, m.a. Keflavíkurflugvallar og víðar um Suðurnes. Þorleifur Einarsson, jarðfræðingur, sagði að í Stapafelli mætti augum líta „stærsta bólstra í heimi“. Hann má enn sjá í norðanverðu fellinu.



Bólstri


Mosi

Mosinn er aðalgróðurplanta Reykjaneskagans. Ásýnd hans blasir hvarvetna við, ekki síst á þessu svæði. Á Íslandi eru reyndar þekktar um 600 tegundir af mosum. Meginhluti íslenskra mosa er af tveim ólíkum flokkum sem nefnast laufmosar og soppmosar. Mun fleiri tilheyra laufmosum en af þeim flokki eru bæði barðastrý og hraungambri.



Mosi

Grámosi eða gamburmosi er þessi mosi nefndur í daglegu tali en hefur hlotið tegundarheitið hraungambri (*Racomitrium lanuginosum*). Þetta er einn algengasti og mest áberandi mosinn á öllum suður- og vesturhluta Íslands. Hann er einn fyrsti landneminn í nýjum hraunum. Við úthafsloftslag á snjóléttum svæðum verður hann einráður á allmörgum áratugum og myndar samfelldar, mjúkar mosapembur á 100 ára gömlum hraunum og eldri. Ef röskun verður á gróðurþekju mosans er hún því lengi að jafna sig. Mosinn undirbýr jarðveg fyrir aðrar plöntur s.s. víði, lyng og blómtegundir.



Háaleiti

Njarðvík
Hálotstangar
Stapakot
Njarðvík

Keflavíkurflugvöllur

FITJAR

Njarðvíkurflugvöllur

Ristilsbrekka

Stónarhóll
Njarðvíkur

Vogshóll

heiði

Stapafell

Súlur

Börðarfell

Klifgjás

Gistheflir

Lágafell

Eldvörp

Sandfell

Sandfellshæð

Sandfellsdalur

Eldvörp

Eldvörp

GRINDAVÍK

HÚSATÖFTAN

Berghraun (Staðarhverfi)

Staðar

Stórású

Stórású

Stórású

Stórású

Stórású

Stórású



Skipstígur

Skipstígur er forn þjóðleið milli Grindavíkur og Innri-Njarðvíkur.

Stígurinn endurspeglar brú margbreytileikans, annars vegar vegagerð þarfa fortíðarinnar og hins vegar tilraun nútímans (eftir 1900) til að bregðast við breyttum þörfum samtímans, t.d. með tilkomu hestvagna og bíla. Skipstígur hefur því ekki einungis gildi sem fornleifar (100 ára reglan) heldur er hann einnig ápreifanlegur vottur þróunar í vegagerð frá upphafi.

Þjóðsagan segir að nafnið Skipstígur hafi orðið til vegna þess að Junkarar (þýskir fiskimenn) hafi farið stíginn með báta sína milli (verstöðva) Njarðvíkur og Grindavíkur, sbr. Junkaragerði ofan við Stórubót í Grindavík og í Höfnum (Prestastígur). Fór það eftir veðri hverju sinni hvaðan þeir réru. Önnur tilgáta er að stígurinn dragi nafn sitt af leið manna milli heimilis og skips á tímum arabátaútgerðar.

Fallegar hlaðnar vörður eru við leiðina og víða má sjá götuna vel markaða í bergið eftir hófför og fótspor liðinna alda.



Stika nr. 20 Þorbjarnarfell (Þorbjörn)

Þorbjörn er 243 m hátt móbergsfjall sem hefur orðið til við gos undir jökli. Þorbjörn er einkennisfjall Grindavíkur. Uppruni nafnsins

er óljós. Í gömlum heimildum er einnig getið um Þorbjarnarfell. Í örnefnalýsingu fyrir Járngerðarstaði segir m.a. um þetta svæði: „Vestan við Klifhól, utan í fjallinu vestast, er Gyltustígur, eins konar hraunveggur. Hann er vestarlega í Þorbirni að sunnanverðu frá

Lágafellstagli og upp úr. Veggurhamrar er lágur hraunhamra-veggur suðaustan í Lágafelli og tengir það við Þorbjörn.“

Á toppi fjallsins eru minjar um veru breska hersins frá því um 1940 en þá voru þeir með bækistöð þar.

Þorbjörn er sérstakt fjall að því leyti að í fjallinu er misgengi



Þorbjörn

og myndast hefur lægð í því miðju sem nefnist Þjófagjá, sbr. þjóðsöguna þar sem segir að í gjanni hafi haldið sig þjófar sem stálu fé af Grindvíkingum. Vinnumaður einn úr Grindavík vingaðist við þá og lék síðan á þá. Þegar þeir eitt sinn fóru til baða á Baðsvöllum snéri hann við fötum þeirra og batt saman. Lét hann Grindvíkinga vita af ráðagjörð sinni og komu þeir og náðu að handsama þjófana og hengdu þá síðan þar sem heitir Gálgaklettur en þeir eru austan megin við þjóðveginn til Grindavíkur. Kvenfélag Grindavíkur hóf skógrækt í norðurhlíðum Þorbjarnar um 1950 og nefnist skógurinn Selskógur. Fyrir neðan hann, við jaðar hraunsins, má sjá minjar um sel þar sem Grindvíkingar höfðu fé sitt í seli á þessum stað, er þá nefndust Baðsvellir, og mjólkuðu ærnar í kvíum.

Stika nr. 40 Vegaúrbætur

Skipsstígurinn
hefur verið

breikkaður á þessum kafla og reynt að lagfæra hann að breyttum þörfum eftir að bílar komu til landsins skömmu eftir aldamótin 1900. Um 300 metra kafli ber merki um fagurt verklag þessa tíma. Þarna hefur atvinnubótavinnan átt að mæta

þörfinni en síðar (1913) var ákveðið að leggja nýjan veg milli Vogastapa og Grindavíkur (lauk 1918) litlu austar (í núverandi þjóðvegastæði). Við hann má víða enn sjá ummerki eftir húsvegagerðarmannanna.



Skipsstígur breikkaður

Stika nr. 48 Dýrfinnuhellir

Í hraunun-
um eru víða

smáhellar og skútar. Einn þeirra er Dýrfinnuhellir. Sagan segir að samnefnd kona hafi flúið með börn sín í hellinn þegar Tyrkir rændu Grindvíkinga. Í Tyrkjaráninu 1627 rændu „Tyrkir“ fimmtán Grindvíkingum og

héldu með þá í ánað til Algeirsborgar í Afríku. Nokkrir þeirra komust síðar aftur til landsins. Um aldir óttuðust Grindvíkingar og aðrir landsmenn endurkomu „Tyrkjanna“.



Dýrfinnuhellir

Stika nr. 80
Rauðhóll og
Illahraun

Rauðhóll, séður til austurs, er formfagur gígur í gígaklasa sem Illahraun rann úr í eldgosahrinu í kringum 1226. Hraunið er

því með þeim yngstu á Reykjaneskaganum. Önnur nærliggjandi hraun eru t.d. úr síðasta Eldvarpagosinu frá svipuðum tíma og eru ýmist apalhraun eða helluhraun.

Apalhraun [aa] kallast úfin hraun sem mynduð eru úr einu lagi. Yfirborðið er þakið gjallkenndu hraungrýti en neðar tekur við grófstuðluð samfelld hraunklöpp. Jaðar apalhraunanna er jafnan mjög brattur þegar þau skriða eða velta fram og hrynur þá laust gjall úr honum og lendir undir hrauninu. Ágætt dæmi um þetta er sunnanverður hraunkantur Illahrauns.



Rauðhóll

Helluhraun [pahoehoe] eru slétt og greiðfær yfirferðar. Þau myndast einkum þegar um hreint hraungos án kviku-strókavirkni er að ræða. Yfirborð hraunanna storknar oft og myndast þannig fremur þunn og seig skán sem sígur áfram með rennslinu á bráðnu undirlaginu. Við það gárast

skánin þannig að yfirborðið verður alsett fingerðum gárum sem líkjast helst kaðalhönk og kallast gárurnar því hraunreipi. Verði yfirborðsskánin þykkari brotnar hún oft upp í fleka við framskrið og hreyfingar á bráðnu undirlaginu. Við slíkar aðstæður myndast oft háir hólar í helluhraununum. Hólar og hæðir í helluhraunum geta líka stafað af því að djúpir hraunstraumar kaffærðu hóla og hæðir sem fyrir voru í landslaginu. Mishæðirnar koma svo aftur í ljós þegar kvikan rennur undan storknaðri hraunskáninni í lok gossins. Kvika helluhraunanna kraumar oftast í kvikutjörn í gígnum. Frá gígnum rennur hún yfirleitt úr hrauntjörninni um göng og oft langar leiðir undir storknu yfirborðinu uns hún flæðir upp um augu á hraunþekjunni.

Stika nr. 85
Bláa lónið

Jarðefnum, um 80° heitum, sem ekki eru nýtt í orkuverinu í Svartsengi, er hleypt út

á hraunbreiðuna og nýtast m.a. í Bláa lóninu. Eftir að fólk fór að baða sig í affallstjörnum í hrauninu datt Vali Margeirssyni í

hug að nýta aðstöðuna til lækninga fyrir psoriasis-húðsjúklinga. Hin góðu áhrif vatnsins á sjúkdóminn fréttust víða. Bláa Lónið varð að eftirsóknarverðum stað til heilsubóta og lækninga. Lækningalind var komið á fót árið 2005 en þar er veitt meðferð við og stundaðar rannsóknir á psoriasis-húðsjúkdómum.

Bláa Lónið hf. var stofnað 1992 og er meginmarkmið félagsins að vera í forystu um uppbyggingu heilsu- og ferðapjónustu á Íslandi. Nú er Lónið fjölsóttasti ferðamannastaður landsins.

Stika nr. 97 Latur

Latur er gígur úr eldri hluta

Eldvarpa. Utan í honum að vestanverðu má sjá leifar af hverasvæði sem þar var virkt til skamms tíma. Frá Lat er ágætt útsýni suðvestur eftir Eldvarpagígaröðinni.

Ýmis hraun eru hér í bland s.s. frá Arnarsetri í austri, Rauðhól í suðri og Eldvörpum. Flest hraunanna eru frá sögulegum tíma. Eitt megineinkenni þeirra er mosinn (sjá umfjöllun á bls. 7).

Stika nr. 136 Gíshellir

Skammt norðar og norðaustar

eru Lágur. Ein þeirra nefnist Gíshellislág. Ofan hennar (í austri) er Gíshellir. Hellirinn er í hraunrás. Í henni eru miklar hleðslur. Í örnefnalýsingu Sæmundar Tómassonar fyrir Járngerðarstaði er m.a. fjallað um Gíshellalág. „Gíshellulág hefur vafalaust orðið til hjá vegalagn-ingarmönnum á árunum 1915 til 1918, þegar sá vegur var lagður til Grindavíkur, sem nú er. Ég gæti trú- að því, að fleiri nöfn hafi orðið til



Bláa Lónið



Latur



Gíshellir

hjá vegagerðarmönnum á þessari leið á þeim dögum." Ýmsar tilgátur hafa verið uppi um tilvist og notkun skjólsins í Gíslhelli. Einnig hafa verið nefnd tengsl við Grindavíkurstriðið í júní 1532, Tyrkjaránið 1627, útilegumenn o.fl. Ef þetta skjól er tengt vegavinnuönnum hefur verið um að ræða þá er unnu að umbótum á Skipsstígnum skömmu eftir aldamótin 1900. Handverk þeirra má m.a. sjá á stígnum þar sem hann liggur upp úr Lágunum og víðar.

Alls ekki er ólíklegt að hann hafi verið notaður sem skjól eða sæluhús á leiðinni í gegnum tíðina en síðan gleymst eftir að umferð um hann lagðist af þegar nýi vegurinn opnaðist 1918.

Stika nr. 177 Rauðamelur

Rauðamelur er 3 km langur sjávar- og malargrandi norðaustur af Stapafelli og norðvestur frá jarðhitasvæðinu í Svartsengi. Efnistaka hefur opnað innviði malarriðsins. Þar má meðal annars lesa breytingar í jarðsögu landsins frá jökulskeiði ísaldar. Þarna má sjá sjaldgæfar plöntutegundir og jafnvel tegundir í útrýmingarhættu. Um er



Rauðamelur

að ræða fágætar náttúruminjar. Svæðið er óvenju tegundaríkt og viðkvæmt fyrir röskun sem reyndar hefur orðið þarna allveruleg þrátt fyrir sérstök verndunarákvæði, sbr. 37. og 39. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd.

Rauðamelur varð til í núverandi mynd þegar jöklar og sjór hopuðu af landi í lok síðasta jökulskeiðs ísaldar. Efnið er m.a. komið úr nærliggjandi fjöllum; Þórðarfelli, Stapafelli, Súlum og Lágafelli. Hann er fágætur vitnisburður um miklar stærðarbreytingar á jöklu og á afstöðu lands og sjávar. Berggerð í Rauðamel eru m.a. jarðlög frá síðasta jökulskeiði, mynduð á hlýindakafli fyrir um 35.000 árum. Jöklar hafa víðast hvar rofið burtu ummerki um þennan hlýja kafa. Nútímahraun (yngri en 12.500 ára) hafa runnið upp að melnum. Þau eru úr Sandfellshæð (4 km³).



Gatnamótin – skilti

**Stika nr. 195
Gatnamót
Árnastígs**

Hér kemur Árnastígur inn á Skipsstíg ofan við Rauðamel. Árnastígur er í fyrri hluta bæklingsins. Hann liggur niður að Húsatóftum. Framangreindur hluti Skipsstígs og Árnastígur er áhugaverð hringleið um hraunasvæðin ofan Grindavíkur, um 30 km.

**Stika nr. 230
Sprengju-
geymslur NATO**

Hér er hitaveiturörinu fylgt í gegnum fyrrum afgirt varnarsvæði NATO. Vestar er Patter-son-flugvöllur. Mannvirkin, sem sjá má innan svæðisins, voru sprengiefnageymslur. Eftir að herinn hvarf frá herstöðinni á Miðnesheiði hafa Íslendingar tekið þær yfir til annarra nota.



Sprengiefnageymslur

**Stika nr. 246
Sjónarhóll**

Tveir hólar eru áberandi í vestanverðri Njarðvíkurheiði. Sá syðri er Vogshóll og sá nyrðri (efri) Sjónarhóll. Skipsstígurinn liggur vestan þeirra og svo til fast við Sjónarhól sem er betur gróinn. Á Sjónarhól er hálfvallinn varða. Enn má sjá móta vel fyrir götunni á kafla í móanum. Eftir því sem norðar dregur verður jarðraskið meira og hverfur stígurinn þá alveg. Þess vegna er stefnan tekin í átt að Fitjum þar sem gangan endar við Reykjanesbrautina.



Sjónarhóll

Í bæklingnum er að finna fróðleik um sögu, náttúru og umhverfi tveggja fornra þjóðleiða milli Grindavíkur og Njarðvíkur. Gönguleiðir um Árnastíg og Skipsstíg eru stikaðar með númerum og miðast fróðleikurinn við þær stikur og önnur kennileiti.

